

Málskostnaður ákveðst kr. 12.000.00, þar með talinn löghaldskostnaður.

Dómsorð:

Framangreint löghald er staðfest.

Stefndi, Gunnar Ásgeirsson, greiði stefnanda, Áka Jakobsyni, kr. 87.250.00 með 9% ársvöxtum frá 1. október 1961 til greiðsludags, $\frac{1}{3}\%$ fjárhæðarinnar í þóknun og kr. 12.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 14. október 1963.

Nr. 62/1963. **Ákærvaldið**

(Saksóknari ríkisins Valdimar Stefánsson)
gegn

Sveini Sveinssyni (Gísli G. Ísleifsson hrl.).

Dóمندur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason og Gizur Bergsteinsson og prófessorarnir Magnús Þ. Torfason og Theodór B. Línal.

Brot á ákvæðum lögreglusamþykktar um lokun veitingastofu.

Dómur Hæstaréttar.

Ákærði hefur kannast við, að sumarið 1962 hafi veitingastað hans að Geithálsi ekki verið lokað kl. 11 að kvöldi, heldur haldið opnum fram eftir nóttu. Kemur þetta einnig heim við skýrslur vitna, sem komu að Geithálsi að nóttu til hinn 5. og 8. september 1962. Í 30. gr. lögreglusamþykktar fyrir Kjósarsýslu nr. 146/1941 er svo fyrir mælt, að almennir veitingastaðir og samkomustaðir skuli vera lokaðir frá kl. 11 að kvöldi til kl. 6 að morgni. Að vísu er í sömu grein heimilað að selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er, en það verður að teljast hreint undantekningarákvæði, sem ekki veitir heimild til að halda veit-

ingastað opnum fyrir almenning eftir hinn lögmæltu lokunartíma. Ákærði hefur því gerzt sekur við ákvæði nefndrar 30. gr., og varðar það hann refsingu eftir 42. gr. lögreglusamþykktarinnar, sbr. lög nr. 14/1948. Þykir refsingin hæfilega ákveðin 2000 króna sekt til hreppssjóðs Mosfellshrepps, og komi 7 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Staðfesta ber málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti, kr. 4000.00, sem renni í ríkissjóð, og laun skipaðs verjanda hans fyrir sama rétti, sem ákveðast kr. 4000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Sveinn Sveinsson, greiði kr. 2000.00 sekt til hreppssjóðs Mosfellshrepps, og komi 7 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti í ríkissjóð, kr. 4000.00, og laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Gísla hæstaréttarlögmanns Ísleifssonar, kr. 4000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 27. marz 1963.

Ár 1963, miðvikudaginn 27. marz, var í sakadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem haldinn var í skrifstofu embættisins af Gunnari Sæmundssyni, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 113/1963: Ákærvaldið gegn Sveini Sveinssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var 20. þ. m., er með ákæru saksóknara ríkisins, dags. 11. þ. m., höfðað gegn Sveini Sveinssyni veitingamanni, Skúlagötu 74, Reykjavík, fyrir að hafa sumarið og haustið 1962 haft veitingastað sinn að Geithálsi í Mosfells-

sveit í Kjósarsýslu, opinn aðkomufólki og selt þar veitingar hverjum, sem þess óskaði, að næturlagi, eftir klukkan 23.00 og iðulega allt fram til klukkan 04.00.

Telst þetta varða við 30. gr., sbr. 1. mgr. 42. gr. lögreglu-samþykktar fyrir Kjósarsýslu nr. 146/1941, sbr. lög nr. 107/1935.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur, fæddur 12. júní 1908 að Gillastöðum í Reykhólahreppi í Austur-Barðastrandarsýslu og hefur áður sætt eftirtöldum kærum og refsingum, svo kunnugt sé:

1941 3/1 í Reykjavík: Áminning fyrir brot á reglugerð nr. 127/1937, 1. og 4. gr.

1949 25/11 í Rvík: Áminning fyrir ólöglegt bifreiðastæði.

1950 17/1 Rvík: Áminning fyrir ólöglegt bifreiðastæði.

— 30/4 Rvík: Sátt, 30 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.

— 15/11 Rvík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot gegn 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga.

1951 11/4 Rvík: Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot gegn bifreiða- og umferðarlögum.

1952 12/11 Rvík: Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot gegn 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga.

1954 10/3 Rvík: Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á 7. gr. umferðarlaga.

1956 20/1 Rvík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 27. gr. bifreiðalaga.

1957 10/9 Rvík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á umferðarlögum.

1958 13/6 Rvík: Áminning fyrir brot á 27. gr. bifreiðalaga.

1960 23/8 Rvík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir óskoðaða bifreið.

1962 9/11 Rvík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir umferðarslys.

Málavextir eru þessir:

Sumarið 1959 byrjaði ákærði í máli þessu að starfrækja benzín-afgreiðslu að Geithálsi í Mosfellshreppi og hefur síðan starfrækt hana yfir sumartímann. Samkvæmt frásögn hans sjálfs hér fyrir dómi var starfsemin til húsa í örlytlum skúr fyrsta sumarið og verzlaði hann þar lítils háttar með pylsur og sælgæti, jafnhliða benzínsölunni. Annað sumarið kvað hann starfsemina hafa verið með líku sniði, en húsrými kvaðst hann þá hafa aukið. Sumarið 1961 kvaðst hann enn hafa stækkað húsnæðið í samráði við Hestamannafélagið Fák, sem hafði þá á leigu gamla húsið á Geithálsi, og lét hita þar kaffi um helgar fyrir félagsmenn, en ákærði og kona hans tóku við þeirri þjónustu gegn ákveðnu gjaldi fyrir manninn. Ákærði fékk þá veitingaleyfi, og

er það útgefið hinn 28. júlí 1961. Ákærði kvað þó vart hafa verið um aðra veitingasölu að ræða það sumar en til Fáksfélaga. Vorið 1962 kvað ákærði það svo fyrst hafa orðið, að þarna var almenn veitingasala. Kvað hann þau hjónin þá hafa selt þarna auk öls, tóbaks og sælgætis, kaffi, smurt brauð, svið og pylsur. Ákærði kvað aðsókn hafa farið vaxandi, og hefðu þau hjón þá tekið að hafa opið fram yfir miðnætti samkvæmt ákvæði 30. gr. lögreglusamþykktar Kjósarsýslu, sem heimilar að selja ferðamönnum beina eftir venjulegan lokunartíma veitingastaða. Þessu kvað ákærði þau svo hafa haldið áfram fram í september, að tekið var að loka kl. 22.00 á kvöldin í samráði við sýslumann.

Ákærði kvað leigubílstjóra úr Reykjavík hafa komið þarna allmikið að næturlagi að fá sér hressingu, hefðu þeir þá komið margir saman í bíl og hefðu ýmsir þeirra verið þarna fastagestir.

Eiginkona ákærða, Anna Halldóra Guðjónsdóttir, sem aðallega virðist hafa staðið fyrir greiðasölunni, hefur skýrt frá atvikum mjög á sama veg og ákærði. Hún kveðst í júlímánuði 1962 hafa ákveðið vegna margendurtekinna óska ferðafólks að gera tilraun með að hafa opið til klukkan 02.00 um nætur á mánudögum, þriðjudögum og miðvikudögum, en til kl. 04.00 á föstudögum, laugardögum og sunnudögum, en óákveðið var, hvor lokunartíminn skyldi hafður á fimmtudögum. Kvað frúin þetta hafa orðið mjög vinsælt hjá ferðafólki og hafi hún eftir 1 viku reynslutíma ákveðið að halda þessu áfram. Hurð í dyrum veitingastofunnar kvaðst frúin jafnan hafa læsta um nætur, en hleypt gestum inn jafnóðum og þeir komu. Þetta kvaðst hún hafa gert til að geta fylgzt með, að ölvaðir menn kæmu ekki þarna inn.

Með framburði þeirra ákærða og konu hans er sannað, að ákærði hafði s.l. sumar veitingasölu sína opna fram yfir þann tíma, sem lögmætur er í 30. gr. lögreglusamþykktar Kjósarsýslu, og kemur því hér aðeins til álita, hvort fallast megi á skilning ákærða á undantekningarákvæði greinarinnar, sem lýst er í framburði hans hér á undan.

Umrætt undantekningarákvæði tekur aðeins til ferðamanna. Ekki er dómaranum um það kunnugt, að það hugtak hafi verið sérstaklega skilgreint af fræðimönnum um íslenskt mál, en ljóst er, að ekki verða allir, sem bregða sér að heiman, taldir ferðamenn. Við ákvörðun á því, hvort maður teljist ferðamaður eða ekki, virðist rétt að hafa í huga, hve langan tíma hann þarf

til fararinnar, hvort hann er fótgangandi eða notar hraðskreitt samgöngutæki, og loks vegalengd þá, sem farin er.

Um gesti þá, er þágu beina á Geithálsi, er fátt upplýst í rannsókn málsins. Þó hefur ákærði sjálfur upplýst, að meðal fastagesta á staðnum eftir kl. 23.00 voru leigubílstjórar úr Reykjavík, sem komu þarna nokkrir saman í bifreiðum, neyttu veitinga, en virðast síðan hafa snúið aftur til Reykjavíkur. Frá Lækjartorgi í Reykjavík að Geithálsi er talin 13 km leið, og virðist hóflega áætlað, að hún sé yfirleitt farin á 1 stundarfjórðungi í bifreið. Þegar þessi atriði eru virt sem heild, getur dómari ekki fallizt á það sjónarmið ákærða að telja umrædda leigubílstjóra ferðamenn í skilningi 30. gr. lögreglusamþykktar fyrir Kjósarsýslu nr. 146/1941 og þykir því ákærði hafa gerzt brotlegur við nefnt ákvæði, sbr. 1. mgr. 42. gr. sömu samþykktar og lög nr. 107/1935.

Refsing ákærða þykir samkvæmt framansögðu hæfilega ákveðin 800.00 króna sekt til sýslusjóðs Kjósarsýslu, og skal 4 daga varðhald koma í stað sektarinnar, sé hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlauð skipaðs verjanda hans, Gísla G. Ísleifssonar hrl., sem þykja hæfilega ákveðin krónur 1.800.00.

Málið hefur verið rekið vítalaut.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Sveinn Sveinsson, greiði 800.00 króna sekt til sýslusjóðs Kjósarsýslu, og skal 4 daga varðhald koma í stað sektarinnar, sé hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlauð skipaðs verjanda hans, Gísla G. Ísleifssonar hrl., kr. 1800.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.